

Áveitan

5. tbl. 17. árgangur. Maí 2023

Fjör í Flóa


ÍBÚAR Í FLÓAHREPPI ÞJÓÐA
GESTI VELKOMNA Á ÞESSA
STÓRSKEMMTILEGU
FJÖLSKYLDU- OG
MENNINGARHÁTÍÐ SEM ER
STÚTFULL AF SKEMMTUN!



1.-3. JÚNÍ

Finndu okkur á Facebook-
Fjör í Flóa og Instagram-
Menning í Flóa

NÁNARI UPPLÝSINGAR &
DAGSRKÁ Á FLOAHREPPUR.IS & Á
FACEBOOKSÍÐU FJÖR Í FLÓA




HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur

KVENFÉLÖGIN Í FLÓAHREPPI



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir odnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra



Kæru íbúar og aðrir lesendur Áveitunnar.

Ég vil byrja á því að óska ykkur öllum gleðilegs sumars þó að það sé fátt sem minnir á sumar þegar þetta er skrifað þar sem Flóahreppur er alhvítur líkt og um hávetur og fátt sem bendir til þess að sumarið sé í nánd.

Farfuglarnir berjast fyrir tilveru sinni í þessu umhverfi, sauðburður hafinn víða og undirbúningur vorverka efst í hugum margra íbúa.

Vonandi staldrar þessi kuldi stutt við og á meðan hann varir þá minnum við okkur á það sem Jóhannes úr Kötlum orti forðum að *vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt.*

Opnunatímar gámasvæðisins í Hrísmýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00


Laugardaga: 13:00 – 16:00

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi:

almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-

3371 eða á netfangið igf@igf.is



Umhverfismál:

Stóri **Plokkdagurinn** var haldinn víða um land sunnudaginn 30. apríl. Íbúar Flóahrepps eru hvattir til að plokka í sínu nánasta umhverfi næstu daga en formlegum plokkegi var frestað þar sem jörð er þakin snjó.

Árlegt **hreinsunaráttak** verður með öðru sniði en verið hefur og helgast það fyrst og fremst af lagabreytingum í tengslum við „borgað þegar hent er“. Ekki verður í boði að fá gáma heim á bæji á kostnað sveitarfélagsins líkt og fyrri ár en gámasvæðið okkar í Hrísmýri á Selfossi verður opið og gjaldfrjálst fyrir íbúa okkar í eina viku þ.e ekki þarf að nýta klippikortin þessa viku.

Hreinsunarátakið stendur yfir vikuna fyrir vorhátíðina okkar Fjör í Flóa eða dagana 29. maí – 3. júní.

Umsækjendur um laust starf skólastjóra Flóaskóla

Í apríl var staða **skólastjóra** Flóaskóla auglýst laus til umsókna og bárust 11 umsóknir um starfið. Tveir umsækjendur drógu umsóknir sínar til baka. Eftirfarandi er listi umsækjenda ásamt núverandi/síðasta starfi viðkomandi:

Aðalheiður Jóhanna Ólafsdóttir, fagkennari
Álfheiður Tryggvadóttir, kennsluráðgjafi
Björgvin Þór Þórhallsson, verkefnastjóri
Hrund Harðardóttir, kennsluráðgjafi
Íris Anna Steinarrsdóttir, kennari
Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir, umsjónarkennari
Karl Sigtryggsson, grunnskólakennari
Sigríður Pálsdóttir, deildarstjóri yngra stigs grunnskóla
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri

Hagvangur heldur utanum ráðningarferlið í samráði við fulltrúa sveitarfélagsins og er úrvinnsla langt komin. Sveitarstjórn Flóahrepps gengur frá ráðningu vegna skólastjóra í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins.

Fjör í Flóa

Vorhátíðin okkar allra **Fjör í Flóa** verður haldin dagana 1.-3. Júní. Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd sér um utanumhald og skipulag hátíðarinnar og hafa þau fengið tónlistar- og athafnarmanninn Sigurgeir Skapta Flosason til liðs við sig. Við lofum góðri skemmtun

og óskum á sama tíma eftir áhugasömum aðilum sem vilja hafa opið hús eða annan viðburð í sveitarfélaganu þessa daga. Best er að hafa samband við formann nefndarinnar hana Sigrúnu Hrefnu: sigrunhrefna@gmail.com. Hátíðin hefur fest sig í sessi hjá okkur og er frábær leið fyrir íbúa á öllum aldri að hittast og hafa gaman saman. Dagskrá og nánari upplýsingar koma þegar nær dregur og eru íbúar hvattir til að fylgjast með.

Vinnuskóli Flóahrepps sumarið 2023

Flóahreppur starfrækir **vinnuskóla** á sumrin í 7 vikur á tímabilinu frá byrjun júní og framyfir miðjan júlí. Vinnuskólinn er opinn fyrir unglínga sem eiga lögheimili í Flóahreppi. Verkefnin eru fjölbreytt og aðalstarfsstöðvarnar þrjár, við Þingborg, Þjorsárver/Flóaskóla og Félagslund. Auk þess hafa eldri borgarar haft möguleika á að panta þjónustu vinnuskólans heim á bæi og svo verður áfram eftir því sem tími gefst.

Unglingar fæddir 2007-2009 eiga kost á vinnu í 6 vikur frá klukkan 9:00-15:00, mánudaga-fimmtudaga og þeir sem fæddir eru 2010 eiga kost á vinnu í 2 vikur í samráði við flokkstjóra.

Umsóknareyðublað vegna starfs við vinnuskólann má finna á heimasíðu Flóahrepps:

<https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/fraedslumal/vinnuskoli-floahrepps> en einnig er hægt að nálgast útprentað eyðublað á skrifstofu Flóahrepps. Athugið að foreldri/forráðamaður þarf að fylla út umsóknina með barni sínu og hefur starfsmaður Flóahrepps samband við foreldri til að staðfesta starf við vinnuskólann. Útprentuðum umsóknum skal skila á netfangið floahreppur@floahreppur.is eða í afgreiðsluna á skrifstofu Flóahrepps fyrir 10. maí.

Flóahreppur auglýsir eftir flokkstjórum fyrir vinnuskóla og hvetjum við áhugasama að sækja um hér:

<https://www.floahreppur.is/is/frettir/flokkstjorar-i-vinnuskola-floahrepps-2023>

Árshátíð Flóahrepps

Miðvikuaginn 19. apríl var haldin **árshátíð** fyrir starfsmenn og aðalmenn nefnda hjá Flóahreppi og fór hún fram í Félagslund. Árshátíðin tókst vel og ekki að sjá annað en að gestir skemmtu vel og hafi átt góða kvöldstund saman. Það er mikilvægt að huga vel að starfsfólkinu okkar sem bera uppi starfsemi sveitarfélagsins.

Undirbúningsnefnd árshátíðar samanstóð af eftirfarandi aðilum: Kristín Lilja Sigurjónsdóttir, Oddný Ása Ingjaldsdóttir, Sigríður Þ. Þorsteinsdóttir, Sigrún Hrefna Arnardóttir og Walter Fannar Kristjánsson. eru þeim færðar kærar þakkir fyrir sína vinnu við skipulag og undirbúning.

Starfsmenn skrifstofu nýttu föstudaginn 21. apríl í að heimsækja skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps og skrifstofu Hrunamannahrepps. Þar fengum við góðar móttökur og áttum gott og gagnlegt samtal um hin ýmsu málefni sveitarfélaganna.

Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á hulda@floahreppur.is til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal. Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á arni@floahreppur.is.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Andri Þór Erlingsson leysir Ingibjörgu Einarsdóttur tímabundið af í starfi húsvarðar í Þingborg og sinnir húsvörslu í Félagslund. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist til Andra í síma 866-7870 eða á netfangið andrierlingsson@gmail.com.

Opnunartími skrifstofu:

Mínum á að opnunartími skrifstofu er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum. Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is
Hafdis bókari og launafulltrúi: hafdis@floahreppur.is
Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is
Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Næsti fundur sveitarstjórnar:

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 2. maí kl. 9:00 Þingborg.

Að lokum langar mig að benda á ýmsar hugmyndir að afþreyingu innan Flóahrepps sem teknar voru saman fyrir páskana. Flóahreppur hefur svo sannarlega upp á ýmislegt að bjóða. Það væri gott að fá ábendingar um fleiri staði og hugmyndir frá ykkur íbúunum. Sjá má stutta samantekt hér:

<https://www.floahreppur.is/is/frettir/gledilega-paska>

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Tökum að okkur alla almenna verktöku t.d jarðvinnslu, slátt ásamt öðrum verkefnum er einnig með smá gröfu fyrir minni jarðvinnu.

Endilega hafið samband í síma 789-7675 Victor Örn Victorsson

Hestafl verktakar EHF



Vekjum athygli á þessum alþjóðlega viðburði sem verður haldinn í Lindexhöllinni á Selfossi næsta laugardag. Allir krakkar á aldrinum 8-11 ára geta skráð sig til leiks og kynnst frjálsum íþróttum á skemmtilegan hátt.

Athugið að þessi dagur er ekki hugsaður sem keppni fyrir ákveðið félag heldur mæta foreldrar með sínum börnum. Það verða því engir þjálfarar frá þjótanda á staðnum, en við hvetjum sem flesta til að skrá sig til leiks og taka þátt í þessum skemmtilega viðburði.

Stjórn þjótanda

WORLD ATHLETICS
KIDS
ATHLETICS
DAY
2023



6. maí



Lindexhöllin



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur

Frá Búnaðarfélagi Hraungerðishrepps

Hér fyrir neðan gefur að líta tækjakost félagsins og verðskrá. Guðmundur í Túni kom nýr inn í stjórn og tekur við þeim tækjum sem Höskuldur var með áður. Allir eru hvattir til að nýta sér tækin óháð félagi. Munum að ganga vel um tækin og skila þeim smurðum og hreinum.

Tækjalisti Búnaðarfélags Hraungerðishrepps			
Staðsetning	Tæki	Verð	Eining
Litla-Ármót	Fjaðraherfi	3.800 kr	á ha
Ragnar	Plógur 5 skera	4.500 kr	á ha
848-2336	Skeljasandsdreifari	1.100 kr	á tonn
	Valtari	1.700 kr	á ha
	Kíllplógur	20.000 kr	á dag
	Flaghefill lyftutengdur	2.000 kr	á dag
Tún	Grjóttýnsluvél	13.500 kr	á klst
Guðmundur	Hnífatætari	4.500 kr	á ha
774-0182	Kornsáðvél	3.500 kr	á ha
	Hnífabrýnsluvél	Frítt	
	Haugsuga	25.000 kr	á dag
Stóru-Reykir	Plógur 5 skera	4.500 kr	á ha
Geir	Hnífatætari	4.500 kr	á ha
690-8939	Flaghefill á grind	Frítt	
	Grassáðvél	2.500 kr	á ha
	Málingasprauta	5.000 kr	á dag
	Snitttæki	Frítt	
Ath Öllum tækjum skal skila hreinum og smurðum, og rukkað er fyrir hverja umferð með tætara og herfi			

Af Flóahlaupi

45.Flóahlaupið fór vel fram sunnudaginn 16.apríl við Félagslund. Hátt í 60 keppendur tóku þátt þrátt fyrir ekkert of gott veður, skýjað og frekar hvasst. Eftir hlaup voru svo kaffiveitingar að hætti Umf. Þjótanda eins og áður, heitar vöflur, kaffi og annað bakkelsi. Sérstakar þakkir til sjálfboðaliða sem störfuðu við hlaupið, einnig þeim sem styrktu það með vörum og gáfu verðlaun. Úrslit hlaupsins má finna á hlaup.is

Styrktaraðilar Flóahlaupsins eru:

HP Flatkökur, MS, Nettó, Fossdekk, VÍS, TMTryggingar, Flóahreppur og UMF Þjótandi



Fréttir frá Flóaskóla

Aprílmánuður hófst með kærkomnu páskafríi þar sem bæði nemendur og starfsfólk hlóðu batterín fyrir lokasprettinn í skólastarfinu, þetta skólaárið.



Stóra upplestrarkeppnin fór fram í Flóaskóla miðvikudaginn 19. apríl sl. Nemendur 7. bekkjar lásu textabrot úr Bláa hnettinum og fluttu ljóð að eigin vali. Öll stóðu þau sig með þryði, en þrír nemendur komust áfram í lokakeppnina þau Bjarki Rafn, Ylfa, Garðar Þór og fjórði nemandinn, Sigríður Svanhvít sem varamaður. Lokakeppnin fór fram fimmtudaginn 27. apríl í Þjórsárskóla, en auk Flóaskóla kepptu þar nemendur frá Flúðaskóla og Þjórsárskóla. Þjórsárskóli kom sá og sigráði og átti fulltrúa í fyrstu þremur sætunum. Stóra upplestrarkeppnin er rótgróið verkefni í skólastarfinu og mikilvægur þáttur í æfingu nemenda í upplestri, framsögn og framkomu.



Nemendur í 1. bekk fengu gefins reiðhjólahljálma frá Kiwanishreyfinginunni, sem hefur í samstarfi við Eimskip gefið öllum 7 ára börnum á Íslandi hlífðarhjálma síðan 2004. Markmið verkefnisins er að auka öryggi barna í umferðinni.

Í lok mánaðar setti óvænt snjókoma strik í skólastarfið sem hafði meðal annars áhrif á skólabílaakstur. Nemendur tóku þó snjókomunni fagnandi og fóru glaðir út að moka og leika.



Framundan er eitt og annað í skólastarfinu til að mynda

undankeppni Skólahreystis þar sem að vaskir nemendur Flóaskóla keppa í hraðabraut, hreystigreip, dýfum, armbeggjum og upphýfingum. Sýnt verður frá keppninni í beinni útsendingu á RÚV kl. 14:00 þann 3. maí nk. og hvetjum við sveitunga til að fylgjast með krökkunum okkar spreyta sig.

Rýmingaræfing verður haldin í byrjun maí sem er reglulegur þáttur í skólastarfinu. Mikilvægt er að æfa þetta reglulega með nemendum og starfsfólki, bæði vegna þess að þá verða allir öruggari með hvernig eigi að bregðast við ef kemur að rýmingu en einnig til að yfirfara verkferla innan skólans.

8.-12. maí er vorskólavika þar sem elsti hópur leikskólans Krakkaborgar og verðandi 1. bekkingar koma í heimsókn og fá að kynnst skólastarfinu enn betur. Þau koma í skólann alla daga vikunnar og fá að prófa ólíkar námsgreinar, kynnst mótuneyti skólans, skólalóð og fara í skólabíl. Vorskólavikan er mikilvægur liður í því að gera börnin örugg í nýju umhverfi. Í lok maí er svo venju samkvæmt útskriftarferð 10. bekkjar og úti- og grenndarnám hjá nemendum í 1.-9. bekk. Dagskrá fyrir þá daga verður auglýst þegar nær dregur inni á heimasíðu skólans.

Með kveðju frá Flóaskóla

Víðavangshlaup Umf Þjótanda - Úrslit

Að venju var hlaupið Víðavangshlaup Umf Þjótanda á bökkum Þjórsár á sumardaginn fyrsta, að þessu sinni í blíðu veðri.

Þáttaka var mjög góð og voru það 78 sem hlupu að þessu sinni. Sigurvegarar voru þau Hjálmar Vilhelm Rúnarsson og Ingunn Bjarkadóttir.



1.	Hjálmar Vilhelm Rúnarsson	2008	5:58
2.	Hjalti Geir Jónsson	2006	6:26
3.	Helgi Reynisson	2008	6:34
4.	Kristófer Máni Andrason	2010	6:39
5.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	1991	6:41
6.	Karólína Þórbergsdóttir	2009	6:45
7.	Arnór Leví Sigmarsson	2007	6:53
8.	Kristján Reynisson	2012	7:43
9.	Lilja María Axelsdóttir	2012	7:49
10.	Bjarki Rafn Reynisson	2010	7:49
11.	Örvar Rafn Hlíðdal	1984	7:49
12.	Valgerður Björk Hlíðdal	2014	8:01
13.	Þórarinn Óskar Ingvarsson	2009	8:03
14.	Egill Ingi Nielsen Jakobsson	2011	9:04
15.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	2015	9:14
16.	Kristján Þórarinn Andrason	2016	9:22
17.	Einar Hörður Haraldsson	2015	9:24
18.	Ottó Ingi Annýjarson	2012	9:56
19.	Hugrún Svala Guðjónsdóttir	2009	9:57
20.	Steinunn Lilja Kristinsdóttir	2013	10:14
21.	Kristinn Matthías Símonarson	1984	10:14

22.	Rakel Ýr Sigmarsdóttir	2015	10:22
23.	Matthilda Sigurðardóttir	2013	10:55
24.	Elfa Rún Heimisdóttir	2011	10:56
25.	Ylfa Sigvaldadóttir	2010	11:09
26.	Ásta Björg Jónsdóttir	2010	11:11
27.	Páll Axel Axelsson	2014	11:17
28.	Lilja Reynisdóttir	2015	11:32
29.	Fanney Ólafsdóttir	1980	11:36
30.	Einar Karl Hallvarðsson	1966	11:37
31.	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	2011	11:49
32.	Sigmar Örn Aðalsteinsson	1983	11:49
33.	Albert Hellsten Högnason	2010	11:51
34.	Bergþóra Dögg Þórbergisdóttir	2011	12:09
35.	Guðmundur Bjarki Axelsson	2021	12:11
36.	Axel Páll Einarsson	1987	12:11
37.	Haraldur Ólafarson	2016	12:21
38.	Ragnhildur Sara Andradóttir	2014	12:40
39.	Hulda Kristjánsdóttir	1984	12:40
40.	Anný Ingimarsdóttir	1968	12:52
41.	Pétur Hjálmsón	2017	12:52
42.	Bjarki Reynisson	1945	12:59
43.	Ingi Lilja Haraldsdóttir	2018	13:09
44.	Birna Harðardóttir	1989	13:09
45.	Greta Sóley Ingvarsdóttir	2015	13:21
46.	Ingvar Guðni Ingimundarson	1978	13:21
47.	Eydís Rós Eyglóardóttir	1984	13:21
48.	Vaka Röfn Alexandersdóttir	2017	13:22
49.	Halldór Bjarnason Dalkarls	1996	13:22
50.	Guttormur Ólafarson	2017	13:24
51.	Elín Dóra Þorsteinsdóttir	2014	13:31
52.	Guðbjörg Erla Annýjardóttir	2012	13:35
53.	Kristín Marí Þorsteinsdóttir	2021	14:07
54.	Þorsteinn Logi Einarsson	1982	14:07
55.	Kristín Stefánsdóttir	1948	14:22
56.	Catharina Krentel	1990	14:47
57.	Ernir Kristberg Nielsen Jakobsson	2018	14:51
58.	Jakob Nielsen Kristjánsson	1986	14:55
59.	Ólöf Harldsóttir	1982	15:11
60.	Birte Neumann	1990	15:17

61.	Sveinn Orri Einarsson	1996	16:02
62.	Dagbjört Ísafold Sveinsdóttir	2021	16:02
63.	Kristín Lilja Sigurjónsdóttir	1997	16:11
64.	Íris Harpa Kristinsdóttir	2016	16:22
65.	Bára Kristbjörg Eyfjörð	1972	16:50
66.	Brynjar Úlfur Halldórsson	2021	16:50
67.	Andrea Björk Olgeirsdóttir	1994	16:50
68.	Smári Kristinn Jónsson	2020	17:20
69.	Kristrún Jónsdóttir	1991	17:20
70.	Jón Örn Albertsson	1981	17:20
71.	Sigrún Helgadóttir	1983	17:26
72.	Arndís Guðmundsdóttir	1966	17:27
73.	Heimir Rafn Bjarkason	1982	17:28
74.	Aðalsteinn Sveinsson	1959	17:29
75.	Hermundur Karl Þorsteinsson	2018	17:47
76.	Elín Bjarnveig Sveinsdóttir	1960	18:03
77.	Þórhildur Mía Þórbergisdóttir	2020	19:00
78.	lðunn Ýr Ásgeirsdóttir	1984	19:00





Fundarboð

Aðalsafnaðarfundur Hraungerðissóknar verður haldinn í Hraungerðiskirkju þriðjudaginn 23 maí nk. kl. 20.00. Venjuleg aðalfundarstörf.

1. Ársskýrsla formanns sóknarnefndar
2. Reikningar kirkju og kirkjugarðs lagðir fram
3. Kosning í sóknarnefnd og skoðunarmanns reikninga
4. Verkefnin framundan, viðhald kirkju, umhirða kirkjugarðs
5. Önnur mál

F. h. Sóknarnefndar Hraungerðiskirkju
Svanhvít Hermannsd. formaður

Við minnum á nýju Þjótandabolina okkar. Þeir koma eins og áður frá íþróttavöruframleiðandanum JAKO og eru örlítið blárri en gömlu bolirnir. Stærðirnar eru frá 116-XL. Við eigum 75 stykki á lager en ef einhverjar stærðir seljast upp verður hægt að panta meira og stærri stærðir. Pantanir berist til Fanneyjar eða Oddnýjar Ásu með skilaboðum eða á netföngin fanneyo80@gmail.com og oddnyasa@floaskoli.is Hver bolur kostar 3.000 krónur og er niðurgreiddur af Þjótanda.

Bolirnir verða ekki afgreiddir nema gegn greiðslu og hægt er að millifæra inn á reikning: 0325-26-590116 Kt. 590116-2030 Vinsamlega sendið greiðslustaðfestingu á netfangið fanneyo80@gmail.com Að sjálfsgöðu verða gömlu bolirnir líka gjaldgengir áfram og um að gera að nýta þá vel.

Stjórnin



Messur í Hraungerðis- og Villingaholtskirkjum um hvítasunnu.

28. maí, hvítasunnudagur, fermingarmessa verður í Villingaholtskirkju kl. 13.30.

29. maí, annar í hvítasunnu, fermingarmessa verður í Hraungerðiskirkju kl. 13.30.

Skógræktarfélag Villingaholtshrepps

Gleðilegt sumar kærur sveitungar nær og fjær.

Aðalfundur félagsins var haldin 17. apríl síðast liðinn og starf sumarsins mótað. Reiturinn okkar þarfnast umönnunar og margar heldur vinna létt verk. Mikilvægt er þó að minna á að það er samt alltaf gaman hjá okkur, sama hvaða verkefni við tökum okkur fyrir hendur. Takið daganna frá!

15. maí 2023 - kl. 19:30



Stjörninn

Vinnukvöld í Skagás. Ýmis verkefni framundan t.d. safna greinum úr skóg á einn stað svo hægt sé að kurla, gönguleiðir, loka "sárum" með heyl svo eitthvað sé nefnt. Mælum með því að grípa með sér hressingu fyrir smá auka stemmingu.

19. júní 2023 - kl. 18:00



Skógarganga að Tumastöðum, Fljótshlíð. Hrafn Óskarson tekur á móti okkur við starfsmannahúsið á Tumastöðum og sýnir okkur skóginn og segir frá því sem á vegi okkar verður. Sameinumst í bíla, pökkum smá hressingu í bakpoka og fræðumst um þennan fallega skóg sem er alveg einstakur.

20. eða 27. ágúst 2023



Vinnudagur í Skagás. Endurnýja þarf girðingu á stórum kafla og ljóst að heill dagur á eftir að fara í verkið. Mikilvægt að fá fólk og vélar til að þetta sé mögulegt. Hressing yfir daginn í boði fyrir vaskan vinnuflokk og fögnuður þegar girðingarvinnu lýkur með smá slútt fjöri.

**Allar dagsetningar birtar með fyrirvara um breytingar vegna veðurs*

FJÖLSKYLDU OG MENNINGARHÁTÍÐ Í FLÓAHREPPI



Fjör í Flóa

Finndu okkur á Facebook-
Fjör í Flóa og Instagram-
Menning í Flóa



1.-3. JÚNÍ

DAGSKRÁ

Fimmtudagskvöld 1. júní í Þingborg

Uppistand, nánar auglýst síðar.

Föstudagskvöld 2. júní

Fjölskyldu kvöldganga í Langholtshverfinu, gengið meðfram bökkum Hvítar hjá Langholti.

Gangan er um 2-3 km sem eru létt yfirferðar.

Nánar auglýst síðar.

Laugardagur 3. júní

Kl. 09:00 Úri-yoga (ef verður leyfir, annars fært inn).

Bodið verður uppá mjúkt yogafæði fyrir allan aldur.

Nærandi stund inní daginn. Allir velkomnir.

Stadsetning auglýst síðar.

Kl. 12:00 – 17:00 Þingborg

Hinn margrómaði kökubasar kvenfélaganna verður á sínum stað ásamt nýbökðuðum vöflum og kaffi. Sölubásar verða á staðnum.

Ungmennafélagið Þjótandi mun halda utan um skemmtilega barnadagskrá. Í fyrsta sinn á Fjöri í Flóa: Hjólarallý Þjótanda. Keppendur mæta með eigið hjól og hjálm á staðinn. Keppt verður í aldursflokkum. Hjólað veður eftir stígum og brautum ca 1 km hringur. Hver nær besta tímanum og sigrar? Nánar auglýst síðar. Kökuskreytingakeppni Þjótanda verður að sjálfsgöðu á sínum stað.

Spennandi keppni fyrir krakka þar sem leyfilegt er að keppa saman í liði og skreyta glæsilega köku á 30 mínútum. Skráning auglýst síðar.



Pylsusalan verður að sjálfsgöðu á sínum stað ásamt andlitsmálningu. Dýrin okkar stór og smá mæta á staðinn og gleðja börnin.

Landbúnaðartækjasýningin verður glæsileg að vanda -sjón er sögu ríkari. Fergusonfélagið verður á staðnum. Málverkasýning Sigrún Sigurðardóttir í Súluholti sýnir málverk af landslagi, fuglum og fleiru. Tilkynnt verður um kjör á Íþróttamanni og konu ársins. Jóhanna í Spákofanum mætir á Fjör í Flóa viltu vita eitthvað um framtíðina, ástina, fá ráð í gegnum tarot, rúnir og margt fleira spennandi, líttu við. Wally trúður mætir á staðinn og skemmtir gestum á öllum aldri. Loftbolti og hoppukastalar, skemmtun fyrir allan aldur!

Tónlistaratriði og margt fleira.

Kjúklingabúið á Vatnsenda býður gestum að líta við og skoða nýju húsin opíð verður frá kl:13-17 á laugardeginum. Verið velkomin Önnur opin hús auglýst síðar.

Laugardagskvöld 3. júní Tónahátíð í Flóahreppi Kvöldvaka / brekkusöngur. Nánar auglýst síðar.

Hlökkum til að sjá ykkur og eiga frábæra helgi saman í Flóahreppi.

Íþróttáæskulýðs og menningarnefnd, Kvenfélögin í Flóahreppi og Ungmennafélagið Þjótandi.

Dagskrá birt með fyrirvara um breytingar.



KVENFÉLÖGIN Í FLÓAHREPPI UMF ÞJÓTANDI FLÓAHREPPUR



Leikjanámskeið Umf Þjótanda



Þjótandi stendur fyrir leikjanámskeiði í júní eins og undanfarin ár. Námskeiðið verður í tvær vikur og er ætlað krökkum sem eru að ljúka 1. - 6. bekk.

Námskeiðið fer fram á íþróttasvæðinu við Þjórsárver að mestu leiti. Þjálfarar verða Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir.

KARA YOGA BÝÐUR ÍBÚUM
FLÓAHREPPS Í YOGATÍMA Í
FÉLAGSLUNDI

20. MAÍ KL. 10.00
25. MAÍ KL. 17:15
6. JÚNÍ KL. 17:15



Boðið verður upp á mjúkt yoga flæði fyrir fólk á öllum aldri. Nærandi stund fyrir daginn. Hver tími er um 1 klst. Þátttaka er ókeypis, vonandi sjáum við sem flesta. Munið að hafa dýnur og teppi með ykkur. Mætið tímanlega. Verið hjartanlega velkomin.


HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur

Umhverfis og samgöngunefnd óskar eftir tillögum að umhverfisverðlaunum Flóahrepps. Veitt verða verðlaun fyrir lögbýli annars vegar og fyrirtæki hinsvegar og verða verðlaunin afhent 17. júní.



Ábendingar berist fyrir 1. júní n.k. á netfangið kobbikr@gmail.com

Dagskrá mánaðarins:

Æfingar í Þingborg	2. maí
Glímuæfingar í Félagslundi	8. maí
Æfingar í Þingborg	9. maí
Glímuæfingar í Félagslundi	15. maí
Vinnukvöld í Skagás	15. maí
Æfingar í Þingborg	16. maí
KarA Yoga í Félagslundi	20. maí
Glímuæfingar í Félagslundi	22. maí
Æfingar í Þingborg	23. maí
Aðalsafnaðarfundur Hraungerðissóknar	23. maí
KarA Yoga í Félagslundi	25. maí
Feringarmessa í Villingaholtskirkju	28. maí
Feringarmessa í Hraungerðiskirkju	29. maí
Glímuæfingar í Félagslundi	29. maí
Æfingar í Þingborg	30. maí
Fjör í Flóa	1. – 3. júní